



VATN

örplast í vatni

Verkefni fyrir 13-25 ára

Nemendur fræðast um plastmengun í vatni og hafi. Nemendur skoða hvernig einstaklingar og fyrirtæki geta tekið þátt í því að sporna gegn plastmengun.



Markmið

- Að nemendur fræðist um plast og áhrif þess á lífríki í og við vatn
- Að nemendur velti fyrir sér hvernig hægt sé að draga úr örplastmengun



Framkvæmd

Lestu bls 22-25 í bókinni Hreint haf, athugið að hér má einnig nálgast hljóðbók.

Umræðuspurningar

- Hvernig getum við dregið úr plastmengun í hafi?
- Hvaða plasti getum við sleppt?
- Af hverju er sagt að maðurinn ógni hafinu?
- Hvernig endar plastið í sjónum?
- Hvað gætum við notað í staðinn?
- Hvernig getum við hjálpað hafinu?

Einstaklingsverkefni

Hvað getur þú gert til þess að draga úr örplastmengun í vatni? Punktaðu niður nokkur atriði og hafðu með þér í hópavinnuna

Hópaverkefni

- Hvað er það helst í ykkar lífi sem býr til örplastsmengun? Hvað getið þið gert til að minnka hana? Ræðið og skráið niður helstu niðurstöður
- Dettur ykkur í hug fyrirtæki eða valdafólk sem gæti hjálpað?
- Búið til áætlun um hvernig þið getið dregið úr örplast mengun og/eða hvatt fyrirtæki til þess. Hér er tækifæri til þess að hafa áhrif t.d. með því að senda á fyrirtæki eða valdfólk hugmyndir ykkar.